

Sp.

110. Nefndarálit

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á húsnæði handa rektor Menntaskólans í Reykjavík.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Mál þetta var tekið fyrir og rætt ýtarlega á 3 fundum, auk þess sem form. nefndarinnar hafði leitað upplýsinga um málið og m. a. rætt það við fjármálaráðherra, menntamálaráðherra og rektor Menntaskólans. Nefndin var sammála um, að nauðsyn bæri til þess að tryggja rektor nú þegar íbúð í Reykjavík, en hún var hins vegar ekki sammála um þær leiðir, sem benda mætti á til þess að ná því takmarki, né hversu miklu fé skyldi til þess varið úr ríkissjóði. Minni hluti nefndarinnar (SK, IngJ og SÁÓ) töldu, að vel gæti komið til mála að leysa málið á þann veg, að ríkissjóður leigði íbúð fyrir rektor fyrst um sinn og tæki þannig á sig nokkrar fjárgreiðslur, ef nauðsyn þætti til bera, eða keypti handa honum íbúð, ef annars væri ekki kostur, enda þótt sú íbúð væri eigi nærri skólanum. Á þetta gat meiri hl. ekki fallið, og skilar minni hl. því sérstöku nefndaráliti.

Meiri hl. lítur svo á, að það sé höfuðatriði í þessu máli, að rektor Menntaskólans verði tryggð íbúð í framtíðinni sem næst sjálfum skólanum, þar sem hann geti haft stöðugt eftirlit með nemendum, ekki einasta í kennslustundunum, heldur og öllum öðrum stundum, sem þeir dvelja í skólahúsinu, hvort heldur er við nám, fundarhöld eða skemmtanir. Með því nú að ríkissjóður á húseignina „Gimli“, sem nýlega hefur verið gerð íbúðarhæf og liggur á hinum ákjósanlegasta stað sem bústaður fyrir rektor Menntaskólans, auk þess sem þar mætti fá rúm fyrir eina kennslustofu og jafnframt samastað fyrir félagsstarfsemi nemenda skólans, sem mjög vanhagar nú um, telur meiri hl. nefndarinnar, að leggja beri á það höfuðáherzlu að tryggja rektor þar íbúð, svo lengi sem skólinn starfar þar, sem hann nú er.

Hins vegar er meiri hl. nefndarinnar og ljóst, að með því að biskupnum yfir Íslandi hefur verið afhent hús þetta til íbúðar, þá verði að leita samkomulags um það við hann, að hann rými húsið, gegn því að honum sé séð fyrir íbúð á öðrum stað, og til þess að svo megi verða vill meiri hl. heimila ríkisstjórninni nauðsynlegt fé.

Meiri hl. leggur því til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillögugr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útvega rektor Menntaskólans íbúð svo fljótt sem verða má í nágrenni við skólann.

Telur Alþingi, að húseign ríkisins „Gimli“ væri að þessu leyti heppileg til þessara nota, og einnig mundi þar vera, auk íbúðar rektors, nokkurt húsrými fyrir kennslu og félagsstarfsemi nemenda skólans.

Skorar Alþingi því á ríkisstjórnina að leita samkomulags við biskup um, að hann vegna þessara þarfa rými húsið, enda verði honum samtímis séð fyrir íbúð annars staðar í bænum, er samboðin sé biskupi landsins.

Heimilast ríkisstjórninni að verja nauðsynlegu fé til þess, að lausn fáiast á þessu máli.

2. Fyrirsögn till. orðist svo:

Till. til þál. um að tryggja rektor Menntaskólans í Reykjavík húsnæði.

Alþingi, 13. nóv. 1946.

Gísli Jónsson,
form., frsm.

Ásmundur Sigurðsson.

Helgi Jónasson.

Steingrímur Aðalsteinsson.

Pétur Ottesen.

Halldór Ásgrímsson.